

hugað neitt við, þykir þó ekki eiga að valda frávisun málsins ex officio.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sigurður Finnbogason greiði stefnda Sigfúsi Sveinssyni fyrir hönd verzlunar Þorbjargar Runólfsdóttur 736 kr. 44 aur. með 5% ársvöxtum frá 16. marz 1909 til borgunardags og 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Um ómerking ummæla í varnarskjölum áfrýjanda á aukaréttardómurinn að vera óraskaður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1910:

Oddur Gíslason  
fyrir hönd John Willumsen  
gegn  
Guðmundi Egilssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, yfirréttamálaflutningsmaður Oddur Gíslason, í umboði John Willumsens í Kaupmannahöfn, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, Guðmundi Egilssyni kaupmanni í Reykjavík, til greiðslu á skuld að upphæð 255 kr. 22 a. ásamt vöxt-

um, og var það dæmt í nefndum rétti 17. marz þ. á. þannig, að stefndi skyldi greiða áfryjanda 219 kr, 2 aur. með 6 0/0 ársvöxtum frá 5. ágúst f. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins til staðfestingar með stefnu dags. 25. apríl þ. á. og jafnframt krafist málskostnaðar hjá stefnda. En stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 7. maí þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði algjörlega úr gildi feldur eða honum breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kröfum og kærum áfryjanda og sér dæmdur málskostnaður fyrir undir og yfirdómi eftir mati réttarins.

Hin umstefnda skuld er svo til komin, að árið 1907 fekk stefndi vörur frá John Willumsen, sem samkvæmt reikningum Willumsens, sem fylgdu vörusendingunum, dags. 18. marz og 13. júní s. á., kostuðu samtals 3049 kr. 75 a. Af þessari upphæð taldi áfryjandinn ógoldnar, er mál þetta hófst, 255 kr. 22 aur., en síðar færði hann kröfu sína niður um 19 kr. 75 a., verð desimalvogar, er upplýst varð undir rekstri málsins, að stefndi hafði endursent honum og varð þá krafa áfryjanda í málinu 235 kr. 47 aur., og var stefndi með hinum áfryjaða dómi dæmdur til að greiða þá upphæð, að frádregnum 16 kr. 45 a., flutningsgjaldi fyrir endursendar vörur, er stefndi taldist eiga að fá endurgoldnar, og varð dómsupphæðin þannig 219 kr. 2 aur. Stefndi heldur því fram, að enn eigi að dragast frá hinn umstefndu skuld 128 kr. 45 a. fyrir kassa með skrúfum, er stefndi kveðst aldrei hafa meðtekið, 61 kr. 35 aur., sem sé verðhækkun á nokkrum af vörunum umfram samning, 22 kr. 64 aur., sem sé flutningsgjald og kostnaður, er stefndi hafi borgað fyrir endur-

sendar vörur, og loks eigi enn að falla úr skuldinni 6 kr. 21 e., er séu ranglega færðar stefnda til skuldar í reikningi Willumsens og taldar kostnaður við umskipun á vörum. Yrði þá skuld stefnda, ef þessar upphæðir væru frá dregnar, eigi nema 37 aur.

Viðvíkjandi fyrsta atriðinu, 128 kr. 45 aur., sem stefnda í reikningi Villumsens eru færðar til skuldar fyrir kassa með skrúfum, er honum hafi verið sendar með vörusendingunni 13. júní 1907, þá eru engin skilríki fram komin fyrir því í málinu frá áfryjanda hálfu, að þessi skrúfukassi hafi nokkurn tíma verið sendur af Willumsen eða að tilhlutun hans til stefnda, eða að stefndi hafi meðtekið hann. En áfryjandinn hefir haldið því fram, að undirdómarinn hafi byggt á því, að stefndi hafi *viðurkennt*, að hann hafi fengið umræddan skrúfukassa. Þetta virðist þó eigi vera rétt. Stefndi hélt því að vísu fram fyrst í málum, að hann hefði endursent Willumsen skrúfurnar, en skýrsla hans var beint og bersýnilega byggð á því, sem stefndi gat haft fulla ástæðu til að ætla, að skrúfurnar hefðu verið í vörusendingu, er hann endursendi um hæl óupptekna, og er það skýrðist fyrir honum síðar í málinu, að svo hefði eigi verið, en skrúfurnar átt að vera sendar sér beint frá verksmiðju, og ekki saman við þær vörur frá Willumsen, er hann endursendi þegar í stað, þá var það beint í samræmi við hina upprunalegu skýrslu hans, um það, hvaða sendingar hann hefði meðtekið, að hann úr því neitaði að hafa nokkurn tíma meðtekið skrúfurnar. Bréf Willumsens til stefnda 10. sept. 1908 samanborið við svar stefnda upp á það 23. nóvbr. s. á., gjörir ekki annað en sýna hinn sama skilning hjá stefnda í þessu efni, að hann ætlaði, að hann

hefði endursent skrifukassann með öðrum vörum Willumsens, og virðist sá misskilningur stefnda hafa verið afsakanlegur eins og á stóð, sérstaklega er svo langur tími var liðinn frá endursendingu varanna. Þar sem þannig stefndi hefir eigi kannast við að hafa fengið umræddan skrifukassa og áfrýjandi hefir ekki sannað, að svo hafi þó verið, og jafnvel ekki borið við að sanna, þótt á hann hafi verið skorað um það í málinu, að skrifukassinn hafi nokkurn tíma verið sendur, verður stefndi ekki dæmdur til að borga verð hans, og ber því að fallast á kröfu stefnda um sýknum í því efni.

Þá er kröfu stefnda um niðurfærslu á dómsupphæðinni um 61 kr. 35 aur. fyrir það, að honum sé fært til skuldar hærra verð á nokkrum vörum í reikningi Willumsens en um hafi verið samið. En stefndi hefir eigi gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að honum hafi verið lofað lægra verði á vörum þessum, og verður því sú krafa hans eigi tekin til greina.

Stefndi hefir heldur eigi, þrátt fyrir mótmæli áfrýjanda gegn kröfu hans um endurgjald fyrir kostnað við endursendar vörur, sannað, að hann hafi lagt meira fram í því skyni en þegar hefir verið til greina tekið af undirdómaranum, og verður því eigi fallist á kröfu hans um frádrátt fyrteðra 22 kr. 64 aur. frá skuld hans.

Um umskipunarkostnað þann, 6 kr. 21 e. á »Steinmans Varer«, er stefndi er krafinn um í málinu, er þess loks að geta, að stefndi virðist hafa mótmælt þeim kostnaði nægilega, að hann snerti sig eða sé sér viðkomandi. Kostnaður þessi er ekki tilfærður í fyrri reikningum Willumsen til stefnda, en áfrýjandi hefir þó ekki gefið stefnda, þrátt fyrir áskorun hans, nánari skýrslu um,

hvernig á þeim kostnaði stæði, eða fært sönnur á, að kostnaðurinn sé réttilega talinn honum til skuldar, en stefndi hefir neitað því, að hafa fengið neinar »Steinmans Varer«. Virðist því ekki eiga að dæma stefnda til að greiða nefnda upphæð, 6 kr. 21 e.

Samkvæmt framansögðu ber að draga frá upphæð þeirri, er stefndi var með bæjarþingsdómnum dæmdur til að greiða áfrýjanda, 128 kr. 45 aur. + 6 kr. 21 e., samtals 134 kr. 66 aur., og verður þá upphæð sú, sem stefndi eftir þessum úrslitum á að greiða, 84 kr. 36 aur., auk vaxta eins og í bæjarþingsdómnum er ákveðið, og ber að breyta dómnum samkvæmt þessu. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur Egilsson kaupmaður greiði áfrýjanda Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd John Willumsens í Kaupmannahöfn 84 kr. 36 aur. með 6 % ársvöxtum frá 5. ágúst f. á. til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.